

Alþjóðlegur nemendahópur-notkun gervigreindar til að minnka hlutdrægni í prófayfirferð

Guðrún Rútsdóttir, Jens G. Hjörleifsson, Anna Margrét Kristinsdóttir, Ásgeir Örn Arnþórsson, Hafsteinn Einarsson, Sigrún Helga Lund

Fyrir 10 árum kom út grein um kynjahlutdrægni (e. gender bias) í einkunnagjöf eðlisfræðiþrófa í þýskumælandi löndum (Hofer, 2015). Þar voru eðlisfræðikennarar, frá Þýskalandi, Austurríki og Sviss, látnir fara yfir eðlisfræðiþróf þar sem kyni próftaka var stembirgðað (e. randomized gender assignment). Niðurstöðurnar sýndu að kennarar með styttri kennslureynslu en 10 ár, gáfu strákum hærri einkunn en stelpum fyrir nákvæmlega sömu prófsvör.

Þar sem próf í Háskóla Íslands eru ekki persónuauðkennanleg, heldur bundin prófanúmeri, þá eru áhyggjur af kynjahlutdrægni óþarfar. Í alþjóðlegum námsbrautum þar sem nemendur koma víða að í heiminum er hins vegar nokkuð ljóst að orðanotkun og uppbygging prófsvara er mjög ólík eftir uppruna nemenda og hvar nemendur hafa lokið grunnnámi.

Það varð ljóst við yfirferð skriflegra prófa í vor að það gat reynst erfitt að gæta hlutlægni við yfirferð prófa og mikil vinna og orka fór í að reyna að aðskilja textauppbýggingu og málfrá sjálfu innihaldi textans.

Til að minnka líkur á hlutdrægni og vinnuálagi í prófayfirferð ákváðum við að skoða hvort hægt væri að nýta sér gervigreind til aðstoðar við prófayfirferð.

Til að meta gagnsemi gervigreinarinnar í þessu tilviki settum við upp eftirfarandi tilraun: 16 próf með 20 ritgerðarspurningum voru vandlega yfirfarin af kennurum námskeiðsins sem allir eru nýir kennarar. Fyrrum kennari þessa námskeiðs fór einnig yfir prófin til að hafa samanburð við reyndari kennara.

Kennarar námskeiðsins útbjuggu svarlykil fyrir prófið sem notaður var í skipun fyrir þrjú mismunandi gervigreindarlíkön sem mátu prófaniðurstöður og gáfu einkunnir.

Ljóst var að gervigreind og kennarar voru nokkuð sammála um einkunnaröð nemenda þó einkunnaskalinn hafi verið nýttur á mismunandi hátt.

Við vonumst til að niðurstöður okkar leiði til þess að við getum nýtt gervigreind til aðstoðar við prófayfirferð, til að minnka vinnuálag og draga úr hlutdrægni, þó hún komi ekki alfarið í stað yfirferð kennara.

Hofer, S. I. (2015). Studying Gender Bias in Physics Grading: The role of teaching experience and country. *International Journal of Science Education*, 37(17), 2879–2905.
<https://doi.org/10.1080/09500693.2015.1114190>